

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um grjótkast.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

- Hve margar bifreiðar urðu fyrir skemmdum vegna grjótkasts eftir að klæðning var lögð á Þverárfjallsveg og veg um Torfulækjarflóa árin 2023–2024 og hver var heildarkostnaður vegfarenda vegna skemmdanna?
- Ef fjöldi bifreiða sem hafa orðið fyrir tjóni liggur ekki fyrir, hyggst ráðherra gera athugun á því hve margar bifreiðar hafi orðið fyrir tjóni á umræddum vegarköflum, svo sem með því að afla upplýsinga frá tryggingafélögum?
- Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir grjótkast á umræddum vegum?
- Hve margar bifreiðar hafa orðið fyrir tjóni vegna grjótkasts eftir nýlagða klæðningu eða vegna tjörublæðinga árin 2020–2024 og hvað hafa slíkar skemmdir valdið miklu fjárhagslegu tjóni á sama tímabili?
- Hver ber ábyrgð á því að bæta tjón sem hlýst vegna grjótkasts eftir nýlagða klæðningu eða vegna tjörublæðinga?

Skriflegt svar óskast.